

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Óseyrarbrautar 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, á fundi sínum 1. júlí 2026 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Óseyrarbrautar 1-3. Breytingin felst í að á lóðunum Óseyrarbraut 1-3 er gert ráð fyrir 4-6 hæða byggingum fyrir 123 íbúðir ásamt rými fyrir verslun og þjónustu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. ágúst 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 27. ágúst 2026